

Nr. 135 / 10 Dettifoss***Skipverji slasast á hendi***

IMO.nr. 9086801
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Úrdráttur úr leiðarbók
Slysaskrá frá skipi
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. júlí 2010 var Dettifoss á siglingu frá Hamborg til Helsingborg. Veður: A 5 m/s.

Brytinn var að stála hníf þegar hann skar sig í þumalfingur vinstri handar með þeim afleiðingum að hann varð óvinnufær.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði notaði hefðbundið stál en hnífurinn var þungur. Hann var alvanur þessu verklagi en ætlaði að nota borðstál framvegis.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.